

29. apríl 2021

Umsögn Aflsins, Kvenfélagasambands Íslands, Kvennaathvarfsins, Kvennaráðgjafarinnar, Kvenréttindafélags Íslands, Rótarinnar, Stígamóta og UN Women á Íslandi um frumvarp um breytingu á lögum um meðferð sakamála (réttarstaða brotaþola, fatlaðra og aðstandenda). Þingskjal 1197 — 718. mál.

Undirrituð félög, samtök og hópar fagna því að þetta frumvarp líti loks dagsins ljós en telja að ekki hafi verið gengið nægilega langt í að tryggja réttarstöðu brotaþola í réttarferlinu. Mikilvægt er að hafa í huga að langflestar tilkynningar kvenna um ofbeldi til lögreglu fara aldrei fyrir dóm. Tölur hafa t.d. sýnt að aðeins 17% tilkynntra nauðgunarmála fara fyrir dóm en restin er ýmist felld niður af saksóknara eða lögregla hættir rannsókn. Aðeins 13% enduðu með sakfellingu.¹ Mikilvægt er að bæta réttarstöðu brotaþola til að veita lögreglu, ákærvaldi og dómsvaldi aðhald í málum sem þessum.

Vakin er athygli á því að níu konur hafa nú kært íslenska ríkið til Mannréttindadómstóls Evrópu fyrir að hafa brotið á rétti sínum til réttlátrar málsmeðferðar. Konurnar eiga það sammerkt að vera brotaþolar sem kærðu nauðganir, heimilisofbeldi og/eða kynferðislega áreitni til lögreglu en málin voru felld niður af ákærvaldinu. Að mati íslensku kvennahreyfingarinnar sýna málin hvernig íslenska ríkið brýtur kerfisbundið gegn rétti kvenna sem kæra kynbundið ofbeldi og bregst þannig skyldum sínum til að tryggja rétt kvenna á Íslandi til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt Mannréttinasáttmála Evrópu. Þrátt fyrir að Mannréttindadómstóllinn sé umsetinn og vísi langflestum málum frá, hefur hann nú tekið a.m.k. fjórar af kærunum til 1. afgreiðslu.

¹ Hildur Fjóra Antonsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir: Einkenni og meðferð nauðgunarmála sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009. Innanríkisráðuneytið, Reykjavík 2013.

Konurnar sem hafa kært íslenska ríkið voru á aldrinum 17-42 ára þegar þær kærðu brotin og voru flestar kærurnar lagðar fram hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Lögmaðurinn Sigrún Ingibjörg Gísladóttir hjá Rétti fór yfir málin og sendi kærurnar til Mannréttindadómstólsins. Við ítarlega yfirferð hennar komu í ljós ýmsar brotalamir í rannsókn og meðferð málanna innan réttarvörslukerfisins sem varða helst rannsókn lögreglu, mat á sönnunargögnum og túlkun á vilja löggjafans.

Íslenska ríkið brýtur á konum með eftirfarandi hætti

Alvarlegir annmarkar á rannsókn lögreglu:

- Mál fyrntist í höndum lögreglu á meðan það var til rannsóknar vegna þess hve lengi dróst að boða sakborning í skýrslutöku.
- Almenn tóku málin alltof langan tíma í rannsókn lögreglu.
- Sakborningar höfðu marga mánuði til að undirbúa sig fyrir skýrslutöku og samræma frásagnir vegna seinagangs lögreglu við rannsókn mála.
- Vitni sem höfðu lykilþýðingu í málum voru ekki boðuð í skýrslutöku og litið var framhjá skýrslum vitna sem studdu við frásögn brotþola.

Lítið sem ekkert sönnunargildi er lagt í þau sönnunargögn sem til staðar eru í málunum:

- Þau sönnunargögn sem eru konum tiltæk, í málum sem oft gerast bakvið luktur dyr, eru ekki tekin alvarlega, þá einkum vottorð sálfræðinga. Þetta samræmist ekki lagabreytingu á Alþingi (l. nr. 61/2007) þar sem áhersla var lögð bæði á líkamlegar og andlegar afleiðingar.
- Líkamlegir áverkar virðast heldur ekki teljast fullnægjandi. Dæmi voru um að það hefði þótt ósannað að brotþólinn hefði veitt mótspyrnu þrátt fyrir líkamlega áverka.
- Í öðrum tilvikum var litið fram hjá sönnunargögnum á vettvangi, s.s. myndum eða myndbandsupptökum tekin á síma sem og ummerkjum s.s. brotnum gluggum.
- Játningar sakborninga voru ekki teknar til greina.
- Neitun sakbornings virðist vega þyngra en framburður brotþola sem studdur er með vitnum og sönnunargögnum og er það mikil hindrun gegn réttlátri málsmeðferð fyrir brotþola.

Gengið gegn vilja löggjafans við túlkun laganna:

- Í mörgum málum var einblínt á hvort að sakborningur hafi mátt gera sér grein fyrir því að brotþoli hafi ekki veitt samþykki, t.d. sökum ölvunarástands, fremur en á það hvort hann hafi fengið samþykki, eins og lögin kveða á um.
- Þrátt fyrir að í nýrri nauðgunarlöggjöf komi fram að það teljist brot ef blekkingum er beitt til að ná fram samþykki leit saksóknari svo á að ekki væri unnt að ganga lengra í túlkun en eldri lög og fyrri framkvæmd gerði ráð fyrir.
- Í einu máli þótti sannað að um ofbeldi hefði verið að ræða en þar sem ofbeldið þótti ekki nægilega alvarlegt var það talið fyrnt og fellt niður.

Brot á ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu

Þau ákvæði í Mannréttindasáttmála Evrópu sem vísað var til í flestum kærnum eru eftirfarandi:

- a) 2. gr. um réttinn til lífs. Með niðurfellingu á kærnum brotþola hefur íslenska ríkið skotið sér undan skyldu sinni til að vernda konur sem þolendur kynferðisbrota í íslenska réttarkerfinu.
- b) 1. mgr. 6. gr. um réttláta málsmeðferð. Með því að meta sönnunargögnin sem ófullnægjandi og fella mál brotþola niður hefur ákærvaldið í raun tekið sér dómarahtutverk og svipt þær að fullu rétti til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómstólum.
- c) 1. mgr. 8. gr. um friðhelgi einkalífs. Með því að fella niður málin hefur íslenska ríkið brotið gegn jákvæðum skyldum sínum þar sem að það lét fyrirfarast að sakborningur yrði gerður ábyrgur fyrir gjörðum sínum fyrir dómstólum, og ekki verndað andlega eða líkamlega friðhelgi brotþola. Einnig var vísað til til 1. og 2. mgr. 5. gr. Istanbúl-sáttmálans.
- d) 13. gr. um áhrifaríkt og raunhæft úrræði. Þar sem að ákærvaldið mat og rannsakaði mál brotþola ekki nægilega, hafa réttindi þeirra samkvæmt Mannréttindasáttmálanum ekki verið tryggð. Konurnar höfðu því ekkert raunhæft tækifæri eða úrræði til að leita réttlætis fyrir dómstólum, enda hefur einungis ríkið saksóknarvald.

- e) 14. gr. um bann gegn mismunun. Brotin gegn framangreindum ákvæðum beinast kerfisbundið að konum og því sæta konur sem brotþolar annarri meðferð en karlmenn sem brotþolar. Mál sem varða ofbeldisbrot gegn konum sæta sjaldan ákærumeðferð og leiða í undantekningartilvikum til sakfellinga.
- f) 3. gr. um bann við pyndingum og vanvirðandi meðferð. Í einstaka tilvikum var rannsókn lögreglu svo ábótavant að það telst vanvirðandi. Eitt mál fyrndist í fórum lögreglu og í öðru máli var brotþola meinað að leita sér lækniástoðar.

Tillögur

Eins og rakið hefur verið þykir okkur ljóst að ríkið bregst skyldum sínum á kerfisbundinn hátt, sviptir konur rétti til réttlátrar málsmeðferðar og brýtur gegn rétti kvenna til einkalífs. Eins og frumvarpið stendur nú er helst lagt til að auka upplýsingaskyldu lögreglu til brotþola og aðgang réttargæslumanns að gögnum, og að tryggja að bótakrafa brotþola komist að á áfrýjunarstigi jafnvel þótt ákærði hafi verið sýknaður í héraði sem og að brotþoli geti notið aðstoðar réttargæslumanns við skýrslutöku fyrir Landsrétti þótt krafa hans sé ekki til meðferðar þar. Undirrituð samtök telja að þessar réttarbætur ekki nægilegar heldur þurfi frumvarp um bættu stöðu brotþola að taka einnig til eftirfarandi þátta:

- Að brotþolar sem kæra kynferðisbrot eða ofbeldi í nánnum samböndum verði veitt aðild að sakamálinu, eða flest þau réttindi sem aðildastaða veitir, ekki síst í því skyni að styrkja réttarstöðu þeirra gagnvart ríkinu og veita lögreglu og ákærvaldi aðhald í málinu. Í dag eru brotþolar einungis vitni í eigin máli og hafa því lítinn rétt á að fylgjast með framgangi málsins eða gera athugasemdir. Einnig verður að tryggja að ríkið getið verið skaðabótaskyldt ef brotið er á rétti brotþola til réttlátrar málsmeðferðar.
- Að brotþolum verði veitt kærueimild á rannsóknarstigi telji brotþoli að verið sé að fyrirgera rétti um réttláta málsmeðferð og að lögfest verði hlutlæga skaðabótaábyrgð þegar slæleg vinnubrögð lögreglu og ákærvalds, valda því að ekki er hægt að ákæra í máli.

- Að brotþolar njóti áfram aðstoðar réttargæslumanns þó svo mál, sem er samsett úr nokkrum kæruliðum, klofni og þeim kæruliðum sem eftir standi fylgi ekki réttargæslumaður.
- Að brotþolar fái bætur ef refsing ákærða er lækkuð sökum langs málsmeðferðartíma.
- Að brotþolar í kynferðisbrotamálum og málum er varða ofbeldi í nánnum samböndum hafi rétt á gjafsókn og ríkissjóður ábyrgist dæmdar bætur í einkamálum gegn tjónvöldum með sambærilegum hætti og kveðið er á um í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Þetta myndi veita brotþolum aukinn möguleika á lagalegri viðurkenningu á því óréttlæti sem þær voru beittar, sé sakamálarannsókn á broti gegn þeim hætt eða mál fellt niður.

Til viðbótar þarf að tryggja að auknu fjármagni sé veitt í rannsókn og saksókn mála sem varða kynferðisbrot og ofbeldi í nánnum samböndum í þeim tilgangi að auka gæði málsmeðferðarinnar og stytta málsmeðferðartíma.

Virðingarfyllst,

Aflið – samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi
 Kvenfélagasamband Íslands
 Kvennaráðgjöfin
 Kvenréttindafélag Íslands
 Rótin – félag um konur, áföll og vímuegjafa
 Samtök um kvennaathvarf
 Stígamót
 UN Women á Íslandi

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 29. apríl 2021.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 1179 - 718. mál. Stjórnarfrumvarp.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda). Félagið fagnar ofangreindu frumvarpi og er sammála markmiði þess, að bæta réttarstöðu brotþola og fatlaðra, sem og aðstandenda látinna einstaklinga, og bregðast þannig við breyttum samfélagslegum viðhorfum til aðkomu þessara aðila að málum sem þá varða. Tekur félagið undir mikilvægi þeirra breytinga sem frumvarpið boðar til að bæta réttarstöðu brotþola annar vegar á meðan á rannsókn lögreglu stendur og hins vegar við meðferð máls fyrir dómi. Það er sannarlega til bóta að lögreglu verði gerð frumkvæðisskylda um að upplýsa brotþola og réttargæslumann um framvindu rannsóknar, svo sem þegar grunaður brotamaður hefur verið boðaður til skýrslutöku. Það er jafnframt mikilvægt að réttargæslumaður fái ríkari rétt til aðgangs að rannsóknargögnum svo hann geti gætt hagsmuna skjólstæðings þegar um er að ræða alvarleg brot gegn líkama og persónu. Þá er mikilvægt að tryggja að bótakrafa á hendur sakbornings komist að á áfrýjunarstigi jafnvel þó hann hafi verið sýknaður í héraði.

Í frumvarpinu er að finna mikilvægar breytingar er varða réttarstöðu fatlaðs fólks og horft til skilgreiningar 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Ákvæði sem heimilar að skýrsla af brotþola eða vitni með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun, í sérútbúnu húsnæði er sannarlega til bóta. Það á einnig við um breytingar á 59. gr. laga um meðferð sakamála sem tekur af öll tvímæli um að nýta megi a- og c-lið 1. mgr. 59. gr. laga um meðferð sakamála til að taka skýrslu af fötluðum brotþola eða vitni fyrir dómi. Það felst jafnframt mikil réttarbót í því að fötluðum sakborningi eða fötluðu vitni verði boðið að hafa með sér hæfan stuðningsaðila við skýrslutöku og heimild dómara til að kveðja til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku verði rýmkuð. Í umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins er vikið af því að *skýrslutaka gæti t.d. farið fram í Barnahúsi eða sérútbúnu herbergi í dómshúsi*. Vert er að benda á að Barnahúsi er ætlað að mæta þörfum barna og mikil aðsókn hefur verið eftir þjónustu þess. Því er mikilvægt að horft verði til þess að koma upp sérhæfðri aðstöðu á vegum dómstóla til að tryggja að komið verði til móts við þarfir fatlaðs fólks.

Það nýmæli sem felst í nýrri málsgrein í 39. gr. laganna, að heimila að aðstandandi látins einstaklings geti komið fram sem fyrirvarsmaður hans í þeim tilvikum sem rannsókn beinist að orsök andláts hans, er afar mikilvægt. Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umfjöllun um 3. gr. frumvarpinu um hverjir eigi rétt til þess að koma fram sem fyrirvarsmaður og vill áréttta mikilvægi þess að tryggja stuðning við þá.

Félagsráðgjafafélag Íslands vill beina því til stjórnvalda að fylgja því eftir að ákvæði frumvarpsins komi til framkvæmda, verði það að lögum og jafnframt að tryggja brotapolum sem og þeim sem fremja brot aðgang að ráðgjöf og stuðningi fagaðila, svo sem félagsráðgjafa. Jafnframt þarf að tryggja aðgang að sérhæfðri samtalsmeðferð.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Þeir búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er fimm ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður



HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 28. apríl 2021

Tilvísun: 202104-0730

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda).

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á meðferð sakamála (réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda), 718. mál.

Héraðssaksóknari tekur undir þær tillögur á breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu og telur þær almennt til bóta. Þó er bent á að rétt sé að samræma betur reglur um aðgang brotþola og réttargæslumanna við reglur sem gilda um aðgang verjenda og sakborninga.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um það í a- og c-liðum 59. gr. laga um meðferð sakamála að þeir taki til brotþola sem eru með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun. Núgildandi a-liður tekur eingöngu til barna undir 15 ára aldri og c-liður felur ekki í sér tæmandi talningu á þeim sem geta fallið þar undir en börn nefnd í dæmaskyni. Þótt það sé jákvætt að sérstaklega sé kveðið á um að taka megi tillit til fötlunar með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu telur héraðssaksóknari hins vegar mjög brýnt að skoða hvort rétt sé að hverfa frá því fyrirkomulagi að taka dómskýrslu á rannsóknarstigi af brotþolum, t.d. í kynferðisbrotamálum. Ljóst er að það getur raskað rannsóknarhagsmunum þegar skýrsla er tekin af brotþola í kynferðisbrotamáli að viðstöddum verjanda sakbornings, áður en eiginleg skýrsla er tekin af sakborningi sjálfum. Í Noregi og Danmörku hefur verið fallið frá þessu fyrirkomulagi og þess í stað byggt á skýrslum hjá lögreglu (aðlöguð skýrslutaka) sem teknar eru upp í hljóð og mynd og spilaðar eru við aðalmeðferð. Framkvæmdin þar er þá sú að fyrstu skýrslur af þolendum eru teknar án þess að sakborningur eða verjandi séu viðstaddir en sakborningur getur óskað eftir frekari skýrslu af brotþola eftir að hann hefur sjálfur gefið skýrslu. Í undantekningartilvikum þurfa brotþolar að gefa skýrslu við aðalmeðferð.

Þá er sú athugasemd gerð við 8. gr. frumvarpsins að verði það að lögum verður skylt að taka skýrslu fyrir dómi af brotþola með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun þegar til rannsóknar er kynferðisbrot. Fatlað fólk er ekki einsleitur hópur og er mikilvægt að lög og reglur geri ráð fyrir svigrúmi þegar brot gegn fötludum eru til rannsóknar. Hætt er við því að ef ákvæðið verður orðað með svo afgerandi hætti að þetta mikilvæga svigrúm tapist enda

ljóst að ekki öll fötlun kallar á sérúrræði við rannsókn sakamála. Er því lagt til að ákvæðið verði orðað með þeim hætti að heimilt sé að taka skýrslu með þessum hætti af fötluðu fólki en það verði ekki skylda.

Embætti héraðssaksóknara

Kolbrún Ben.

Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari



28. apríl 2021

Umsögn Hildar Fjólu Antonsdóttur um frumvarp um breytingu á lögum um meðferð sakamála (réttarstaða brotaþola, fatlaðra og aðstandenda). Þingskjal 1197 — 718. mál.

Undirrituð fagnar þessu frumvarpi sem er skref í rétta átt til að bæta réttarstöðu brotaþola, fatlaðra og aðstandenda en að mínu mati ganga umbæturnar ekki nógu langt. Í frumvarpinu er að finna tillögur til breytinga á réttarstöðu brotaþola með vísan í greinargerð mína *Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota*, sem unnin var fyrir stýrihóp forsætisráðherra um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi og kom út í maí 2019.¹ Í þeirri umsögn sem hér fer á eftir verður ekki fjallað sérstaklega um þær tillögur er lúta að fötluðum brotaþolum og aðstandendum brotaþola, heldur sjónum beint að þeim atriðum sem miða að því að styrkja réttarstöðu og bótarétt þolenda kynferðisbrota. Með hugtakinu „brotaþolar“ er vísað til brotaþola kynferðisbrota eða eftir atvikum brotaþola sem eiga rétt á réttargæslumanni.

Í framangreindri greinargerð eru gerðar tillögur í fimmtán liðum sem hafa það að augnamiði að styrkja réttarstöðu og bótarétt brotaþola kynferðisbrota. Við vinnslu greinargerðarinnar var litið til löggjafar hinna Norðurlandanna og meðal annars haft viðtækt samráð við aðila innan réttarvörslukerfisins hér á landi. Auk þess byggir greinargerðin á rannsóknum mínum af upplifun brotaþola kynferðisofbeldis af því að leita réttar síns og af alþjóðlegum rannsóknum á því sama viðfangsefni. Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er hins vegar aðeins brugðist við framangreindum tillögum að mjög takmörkuðu leyti.

Víða í nágrannalöndum Íslands er gengið út frá því að brotaþolar hafi skýra og réttmæta hagsmuni í sakamáli sem lýtur bæði að lagalegum þætti málsins og þeim er varðar sönnunarþáttinn. Brotaþolar hafa þannig lögmæta hagsmuni af því að málið sé upplýst og að hinn seki sé látinn taka ábyrgð á brotinu sem felur þá í sér að brotaþolar hafi réttmæta þörf til

¹ Sjá hlekk á greinargerðina hér: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c9ee2c0c-927f-11e9-9442-005056bc530c>

að gæta hagsmuna sinna á meðan á málsmeðferð stendur. Að mati undirritaðrar er ekki er að sjá að frumvarpið taki nægilega vel mið af þessum sjónarmiðum, hvorki í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu né í frumvarpinu sjálfu. Hér verða talin upp þau atriði sem undirrituð telur að megi ýmist skýra eða bæta.

Réttur brotþola til upplýsinga og þátttöku á rannsóknarstigi

Í frumvarpinu er lagt til að auka upplýsingagjöf til brotþola um gang málsins á rannsóknarstigi og er það mjög til bóta. Ástæða er þó að gera athugasemd við skort á skýrleika hvað varðar aðgang brotþola að gögnum máls. Með 7. gr. frumvarpsdragana er kveðið á um ríkari rétt réttargæslumanns til aðgangs að rannsóknargögnum en nú er gert. Fram kemur að skv. gildandi 1. mgr. 47. gr. laga um meðferð sakamála eigi réttargæslumaður einungis rétt á að fá aðgang að þeim gögnum sem varða þátt skjólstaðings hans í málinu og honum eru nauðsynleg til að gæta hagsmuna skjólstaðingsins, á meðan á lögreglurannsókn standi. Í stað þess leggur réttarfarsnefnd til eftirfarandi breytingu en í frumvarpinu segir:

Lagt er til að í stað þess að takmarka þennan aðgang við gögn sem varða *þátt* brotþola, verði kveðið á um rétt réttargæslumanns að gögnum málsins sem *varða* brotþola, nema lögregla telji hættu á rannsókn torveldist við það.

Ekki er fyllilega ljóst hver munurinn á þessu tvennu er í raun og ástæða er til að skýra þetta orðalag þannig að tryggt sé að brotþolar hafi sambærilegan aðgang að gögnum máls og sakborningar, nema lögregla telji það toverlda rannsóknina.

Einnig er ástæða til að áréttu mikilvægi þess að lögreglu beri skylda til að gefa brotþola kost á að gera athugasemdir við lögregluskýrslu hins kærða og önnur gögn sem lögregla aflar við rannsókn málsins áður en rannsókn lýkur, nema lögregla telji það geti skaðað rannsókn málsins. Slíkt verklag er betur til þess fallið að tryggja að málið sé eins vel upplýst og hægt er enda brotþoli oft sú manneskja sem veit mest um málið, getur mögulega leiðrétt rangfærslur ef einhverjar eru, og getur mögulega bent á önnur sönnunargögn ef þau eru ekki fram komin. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að áréttu að brotþolar hafa ríkra hagsmuna að gæta að málið sé eins vel rannsakað og upplýst og hægt er. Þó svo að brotþoli hafi heimild til að kæra ákvörðun ákæranda um að fella mál niður, sem í kynferðisbrotamálum er þá iðulega gert á grundvelli ónógra sannana, þá er það ekki algengt. Rannsóknir undirritaðrar gefa það til kynna að við niðurfellingu máls fallast brotþolum oft hendur, upplifa að mál þeirra hafi ekki verið

tekið alvarlega og telja það ekki hafa neitt upp á sig að nýta sér kæruehimildina. Einnig skal hafa í huga að mikið þarf til að koma til þess að ríkissaksóknari snúi við ákvörðun um niðurfellingu enda þá búið að birta sakborningi niðurfellinguna.

Réttur brotþola til upplýsinga og þátttöku á ákæru- og dómstigi

Að mati undirritaðrar þarf frumvarpið að tryggja betur hagsmuni brotþola til upplýsinga og þátttöku á ákæru- og dómstigi. Eins og staðan er í dag hefur brotþoli ekki rétt til að fylgjast með réttarhöldunum ef þinghald er lokað eins og iðulega er í kynferðisbrotamálum. Eins hafa brotþolar ekki rétt til þátttöku í réttarhöldunum nema til að gefa skýrslu sína fyrir dómi. Drög frumvarpsins leggja ekki til neinar breytingar hvað þetta varðar. Brotþolar hafa lögmæta hagsmuni af því að hinn seki sé látinn taka ábyrgð á brotinu sem felur þá í sér að brotþolar hafa réttmæta þörf til að gæta hagsmuna sinna á meðan á málsmeðferð stendur. Í greinargerð minni eru færð rök fyrir þessu og eftirfarandi tillögur lagðar fram:

Lagt er til að brotþoli beri vitni fyrir dómi á undan ákærða og gert sé ráð fyrir að brotþoli sitji í réttarsal í gegnum réttarhöldin ásamt réttargæslumanni sínum eða fylgist með réttarhöldunum í hljóði og mynd í gegnum fjarbúnað. Sú gagnrýni hefur komið fram að það geti mögulega skaðað hagsmuni brotþola að vera vitni á undan ákærða fyrir dómi, þar sem hann getur þá hlýtt á vitnisburðinn og hagað sínum vitnisburði eftir því. Ástæða er til að minna á að sakborningur hefur þegar fengið öll gögn málsins, þ.m.t. lögregluskýrslu brotþola, og hefur því nokkuð góða hugmynd um hvað brotþoli mun segja fyrir dómi. Þessi leið er farin í Noregi í málum þar sem brotþolar hafa rétt á þjónustu réttargæslumanns á kostnað ríkisins, og í Svíþjóð ef brotþoli hefur gerst aðili að máli, og í Finnlandi. Að minnsta kosti þarf að tryggja að brotþolar eigi rétt á að sitja inni í lokuðu þinghaldi eftir þeir hafa borið vitni.

Lagt er til að brotþoli eða réttargæslumaður hans hafi rétt til að leggja fram viðbótarsönnunargögn, spyrja ákærða og vitni viðbótarspurninga og koma með athugasemdir á eftir saksóknara og verjanda. Þessi leið er farin í Noregi þar sem brotþolar hafa rétt á þjónustu réttargæslumanns á kostnað ríkisins. Í Svíþjóð og Finnlandi geta brotþolar gerst aðilar að sakamálinu og hafa því fullan þátttökurétt sem aðilar.

Lagt er til að brotþoli hafi rétt til að taka stuttlega til máls í lok aðalmeðferðar rétt eins og ákærði (sbr. 3. mgr. 166. gr. laga nr. 88/2008). Þessi leið er farin í Noregi þar sem brotþolar

hafa rétt á þjónustu réttargæslumanns á kostnað ríkisins. Í Svíþjóð og Finnlandi geta brotáþolar gerst aðilar að sakamálinu og hafa því fullan þátttökurétt sem aðilar.

Lagt er til að brotáþoli hafi rétt til að áfrýja dómi. Þennan rétt hafa brotáþolar í Svíþjóð og Finnlandi.

Aukinn réttur brotáþola til upplýsinga að dómi loknum

Sumar tillögurnar sem lagðar eru fram í greinargerðinni varða önnur lög en lög um meðferð sakamála nr. 88/2008. Höfundur er því ekki ljóst hvort að réttarforsnefnd hafi litið svo á að þær væru ekki innan hennar verkahringis og dómsmálaráðuneytið því ekki talið þær eiga heima í þessum frumvarpsdrögum eða hvort ákveðið hafi verið að bregðast ekki við þeim tillögum. En mikilvægt er að frumvarp um bættu réttarstöðu brotáþola taki einnig til annarra laga þar sem réttindum brotáþola er ábótavant.

Í greinargerðinni er einnig lagt til að auka rétt brotáþola til upplýsinga að dómi loknum þannig að fangelsisýfirvöldum beri skylda til að upplýsa brotáþola, ef hann svo kýs, þegar hinn dæmdu hefur afplánun refsingar, fær leyfi úr fangelsi, er fluttur í opið fangelsi, hlé er gert á afplánun hans, strýkur úr fangelsi, er færður á áfangaheimili, afplánar refsingu undir rafrænu eftirliti eða lýkur afplánun. Heimilt þarf að vera að veita brotáþola frekari upplýsingar um afplánun fanga ef brýnir hagsmunir hans þykja mæla með því.

Aukið aðgengi brotáþola að bótarétti

Í drögum þessa frumvarps er tryggt að brotáþoli geti komið að einkaréttarkröfu á hendur ákærða áfrýjunarstigi. Ekki er fjallað nánar um aukið aðgengi brotáþola að bótarétti. Þegar kemur að kynferðisbrotamálum er ljóst að fá þeirra enda með sakfellingu og það er fáheyrt að brotáþolar stefni gerendum í einkamáli. Því er ljóst að aðeins örlítill hluti þolenda kynferðisbrota fær skaða- eða miskabætur vegna afleiðinga brots, en þær geta verið víðtækar og langvinnar. Þess vegna er mikilvægt að auka aðgengi þessara brotáþola, og mögulega annarra, að bótarétti.

Lagt er til að í málum þar sem einkaréttarlegar kröfur brotáþola hafa ekki náð fram að ganga, t.a.m. vegna þess að mál hefur verið fellt niður af ákærvaldinu eða sakborningur hefur verið sýknaður, fái brotáþolar rétt á gjafsókn og ríkissjóður ábyrgist dæmdar bætur í einkamálum

með sambærilegum hætti og kveðið er á um í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995.

Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á þingsályktunartillögu um gjafsókn í heimilisofbeldis- og kynferðisbrotamálum (Þingskjal 153, 2018-19) sem lögð var fram á Alþingi 26. september 2018.² Í tillögunni, sem lögð er fram af 19 þingmönnum úr flestum stjórnmalaflokkum, er lagt til að dómsmálaráðherra vinni frumvarp um gjafsókn í heimilisofbeldis- og kynferðisbrotamálum þegar einkaréttarlegar kröfur brotþola hafa ekki fengið framgang í sakamáli. Þótt tillagan hafi ekki verið tekin til afgreiðslu á Alþingi má ráða af henni að þverpólítískur vilji sé til þess að auka aðgengi brotþola að bótarétti með þessum hætti.

Einnig er ástæða til að benda á að borið hefur á því að dómstólar hafi lækkað refsingar ákærðra vegna langs málsmeðferðartíma. Full ástæða til að taka undir tillögu Kolbrúnar Garðarsdóttur lögmanns um að brotþolar fái bætur ef refsing ákærða er lækkuð sökum þessa.

Mál brotþola gegn íslenska ríkinu hjá Mannréttindadómstóli Evrópu

Þann 8. mars sl. stóð íslenska kvannahreyfingin að blaðamannafundi þar sem sagt var frá því að níu konur hafi nú kært íslenska ríkið til Mannréttindadómstóls Evrópu fyrir að hafa brotið á rétti sínum til réttlátrar málsmeðferðar. Konurnar eiga það sammerkt að vera brotþolar sem kærðu nauðganir, heimilisofbeldi og/eða kynferðislega áreitni til lögreglu en málin voru felld niður af ákærvaldinu. Ætlunin með kærnunum er að vekja athygli á kerfisbundnum vanda og láta reyna á rétt brotþola í ofbeldisbrotum á Íslandi.

Kærurnar lýsa alvarlegum annmörkum á rannsókn lögreglu, að lítið sem ekkert sönnunargildi sé lagt í þau sönnunargögn sem til staðar eru í málunum, og að gengið sé gegn vilja löggjafans við túlkun laganna. Þrátt fyrir að Mannréttindadómstóllinn sé umsetinn og vísi langflestum málum frá, hefur hann nú tekið a.m.k. fjórar af kærnunum til fyrstu afgreiðslu.

Eitt alvarlegasta kærða brotið snýr að því að mál fyrntist í höndum lögreglu á meðan það var til rannsóknar vegna þess hve lengi dróst að boða sakborning í skýrslutöku. Undirrituð tekur undir með Maríu Sjöfn Árnadóttur, brotþolanum í málinu, en hún hefur fjallað um það á opinberum vettvangi að mikilvægt sé að veita brotþolum kærheimild á rannsóknarstigi telji

² Sjá hlekk á þingsályktunartillöguna hér: <https://www.althingi.is/alttext/149/s/0153.html>

brotapoli að verið sé að fyrirgera rétti um réttláta málsmeðferð og að lögfesta eigi hlutlæga skaðabótaábyrgð þegar vinnubrögð lögreglu og ákærvalds valda því að ekki er hægt að ákæra í máli. Jafnframt hefur hún vakið athygli á mikilvægi þess að brotapolar njóti áfram aðstoðar réttargæslumanns þó svo mál, sem er samsett úr nokkrum kæruliðum, klotni.³

Í ljósi þessa er ekki síst mikilvægt að styrkja réttarstöðu brotapola gagnvart ríkinu. Það er best gert með því að veita brotapola aðild að sakamáli, bæði til að veita lögreglu og ákærvaldi aðhald við rannsókn og saksókn máls, og til að tryggja að fyrir hendi sé slíkt réttarlegt samband á milli ríkis og brotapola að ríkið geti verið skaðabótaskyld ef brotið á rétti brotapola til réttlátrar málsmeðferðar.

Aðildarskortur brotapola að sakamáli

Á grundvelli dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 178/2001 virðist litið svo á að brotapolar hafi ekki réttarstöðu skv. íslenskum lögum til þess að krefjast bóta frá ríkinu vegna athafna eða athafnaleysis saksóknara í opinberu máli, þar sem saksóknari nýtur óskoraðs sjálfstæðis í slíkum málum.

Komið var inn á þessa afstöðu íslenska ríkisins í niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) vegna kæru nr. 29785/07 til MDE (H. gegn Íslandi) sem lögð var fram 26. júní 2007.⁴ Kærandi í málinu taldi að annmarkar á rannsókn kynferðisbrots væru svo alvarlegir og að á lögunum og framkvæmd þeirra og beitingu í málinu væru svo verulegir ágallar að telja yrði að ríkisvaldið hefði brotið gegn jákvæðum skuldbindingum skv. 3., 8. og 13. gr. mannréttindasáttmálans. MDE komst að þeirri niðurstöðu að kæran væri ótæk til meðferðar þar sem kærandi lagði fram kæru sína til MDE meira en sex mánuðum eftir ákvörðun ríkissaksóknara um að hafna bæri beiðni kæranda um endurupptöku, og svar ráðuneytisins. Í niðurstöðu MDE segir hins vegar:

Eina ákvörðunin í heimalandinu, sem tekin var minna en sex mánuðum fyrir framlagningu kærunnar, var ákvörðun ríkislögmanns dags. 29. desember 2006. *Eins og sjá má af þeirri ákvörðun vitnaði ríkislögmaður hins vegar til ákvörðunar hæstaréttar frá 2001, þar fram*

³ Í máli Maríu Sjöfnar var gefin út ákæra í einum kærulið af þremur sem vörðuðu ofbeldi í nánu sambandi. En þar sem heimild til réttargæslumanns fylgdi einungis þeim kæruliðum sem taldir voru fyrndir missti hún rétt sinn til réttargæslulögmanns.

⁴ Sjá niðurstöðu MDE vegna kæru nr. 29785/07 til MDE (H. gegn Íslandi):

<https://www.stiornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2012/H-v-ICELAND-Decision.pdf>

kom að brotþoli hefði ekki réttarstöðu skv. íslenskum lögum til þess að krefjast bóta frá ríkinu vegna athafna eða athafnaleysis saksóknara í opinberu máli, þar sem hinn síðarnefndi nyti óskoraðs sjálfstæðis í slíkum málum. Kærandi virðist ekki byggja á því að þetta hafi ekki verið réttur skilningur á íslenskum rétti, sem í gildi var á viðkomandi tíma. Ákvörðunin um bótakröfu hennar leiddi þess vegna ekki af beitingu raunhæfs úrræðis og getur því ekki komið til álita við ákvörðun sex mánaða kærufrests. (Skáletrun undirritaðrar).

Þessum orðum má taka sem vísbindingu um að þessi afstaða íslenska ríkisins yrði ekki endilega í samræmi við niðurstöðu MDE. Efast má um að brotþolar hafi ekki réttarstöðu skv. íslenskum lögum til þess að krefjast bóta frá ríkinu vegna athafna eða athafnaleysis saksóknara en til að fyrirbyggja þessa túlkun er ástæða til að gera brotþola að aðilum sakamáls eða að réttarsamband ríkis og brotþola að þessu leyti sé viðurkennt með öðrum hætti. Ótækt er að ríkið geti ekki talist skaðabótaskyldt ef brotið á rétti brotþola til réttlátrar málsmeðferðar.

Að lokum

Það að styrkja réttarstöðu brotþola snýst ekki einungis um að brotþolar eigi lögmætra hagsmuna að gæta í sakamálinu heldur er þetta einnig spurning um að tryggja borgaraleg réttindi þeirra. Í nútímasamfélagi er það grunnskilyrði fyrir góðri og traustri málsmeðferð að einstaklingar fái upplýsingar um mál sem þá varða og fái að hafa eitthvað um þau að segja. Sakamál geta ekki verið undanskilin þeirri reglu. Það að auka rétt brotþola í málsmeðferðinni snýst um að veita þeim réttindi sem ákærði hefur nú þegar og því er ekki verið að veikja réttarstöðu sakborninga. Einnig þarf að vera hægt að draga ríkið til ábyrgðar ef brotið á rétti brotþola til réttlátrar málsmeðferðar. Jafnframt þarf að greiða aðgang brotþola að viðurkenningu og bótum í einkarétti. Ef ákallinu um aukin réttindi brotþola er ekki svarað með betri hætti en kveðið er á um í þessu frumvarpi er hætta á að réttarkerfið detti úr takti við réttarvitund almennings sem getur grafið undan trausti á réttarkerfinu.

Virðingarfyllst.

Hildur Fjóra Antonsdóttir, Ph.D.

Nýdoktor og aðjúnkt við Háskóla Íslands



Landssamtökin

Proskahjálp

Mannréttindi fyrir alla!

Umsögn Landssamtakanna þroskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda) 718. mál.

Landssamtökin Þroskahjálp þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við það.

Samtökin fagna því að gera eigi breytingar á lögum með það að markmiði með tryggja betur réttindi fatlaðs fólks sem áréttuð eru í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem íslenska ríkið fullgilti árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að virða og framfylgja, þ.m.t. með því að gera nauðsynlegar breytingar á lögum í því skyni, sbr. 4. gr. samningsins. Ákvæði 13. gr. samningsins hafa sérstaka þýðingu hvað varðar frumvarpið sem hér er til umfjöllunar. Yfirskrift greinarinnar er “Aðgangur að réttinum” og hljóðar hún svo :

„1. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki árangursríkan aðgang að réttinum til jafns við aðra, meðal annars með aðlögun málsmeðferðar og aðlögun með tilliti til aldurs í því skyni að greiða fyrir árangursríkri þátttöku þess, beinni eða óbeinni, þar á meðal sem vitni, í allri málsmeðferð, þ.m.t. á rannsóknarstigi eða öðrum fyrri stigum máls.

2. Í því skyni að tryggja fötluðu fólki árangursríkan aðgang að réttinum skulu aðildarríkin efla viðeigandi þjálfun fyrir þau sem starfa á sviði réttarvörslu, þar á meðal lögreglu og starfsfólk fangelsa.“

Samtökin beina því til allsherjar- og menntamálanefndar að skoða hvort breyta þurfi einhverjum ákvæðum í frumvarpinu til að tryggja að sakborningur, sem er með þroskahömlun og/eða einhverfu og/eða geðrænar raskanir, þurfi að fá meiri aðstoð og viðeigandi aðlögun en frumvarpið mælir fyrir um til að tryggja að ítrasta réttaröryggis sé gætt.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar



Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 (réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda).

Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á lögum um meðferð sakamála (sml).

Lögreglustjóri telur þær réttarbætur sem lagðar eru til í frumvarpinu almenn til bóta, en telur þó rétt að gera eftirfarandi athugasemdir:

Athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er lagt til að við 1. mgr. 40. gr. laganna bætist tveir nýir málsliðir sem eiga að styrkja réttarstöðu brotþola, þ.e. að þegar brotþoli hefur fengið tilnefndan réttargæslumann þá skuli lögregla upplýsa hann um framvindu rannsóknar máls nema talið verði að það torveldi rannsóknina. Einnig skuli upplýsa aðra brotþola eftir því sem tilefni er til. Í greinargerð frumvarpsins, nánar tiltekið í athugasemdum með 4. gr., kemur fram að með þessu sé verið að lögfesta frumkvæðisskyldu lögreglu til að upplýsa réttargæslumann um framvindu rannsóknar máls. Að mati lögreglu hefði verið nær að fjalla í ákvæðinu um rétt réttargæslumanns til að fylgjast með framvindu rannsóknar eins og kostur er líkt og gert er í 5. mgr. 37. gr. sml. þar sem fjallað er um rétt verjanda til að fylgjast með rannsókn. Hvorki í lagaákvæðinu, né í lögskýringargögnum, er fjallað um frumkvæðisskyldu lögreglu til að upplýsa verjanda. Ef frá eru talin ákvæðin í 2. og 3. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 37. gr. sml., þar sem verjanda er veittur réttur til að vera viðstaddur skýrslutöku hjá lögreglu og fyrir dómi á rannsóknarstigi og fá aðgang að málgögnum, hafa lögin ekki að geyma nánari fyrirmæli um það hvernig lögreglu ber að rækja umrædda skyldu skv. 5. mgr. 37. gr. sml. Í framkvæmd hefur þetta farið þannig fram að lögregla upplýsir verjanda um þær aðgerðir sem verjandi hefur rétt á að vera viðstaddur, en að öðru leyti hefur verið litið svo á að verjandi hafi sjálfur frumkvæði að því að óska eftir upplýsingum um framvindu rannsóknar og aðgang að gögnum máls.

Velta má því fyrir sér hvort með þessum auknum réttindum réttargæslumanns og brotþola sé hallað á réttindi sakbornings og verjanda, og þá þannig að með þessu sé verið að tryggja réttargæslumönnum meiri rétt til upplýsinga en verjandi hefur. Slíkt verður að teljast í andstöðu við ákvæði 2. ml. 1. mgr. 47. gr. sml. þar sem óheimilt er

að afhenda réttargæslumanni gögn eða veita aðgang að gögnum, og þá um leið upplýsingar, ef verjanda hefur verið synjað um það. Ekki er ráðgert í frumvarpinu að breyta þessu ákvæði. Hafa verður í huga við rannsókn sakamála gildir sú meginregla að rannsókn fari fram fyrir luktum dyrum, en tryggja verður sakborningi og verjanda ákveðinn rétt til upplýsinga svo vörn hans verði ekki áfátt.

Einnig telur lögreglustjóri að skoða þurfi tilefni þess að lögreglu verði gert skylt að upplýsa réttargæslumann að eigin frumkvæði um þætti er varða framvindu rannsóknar, en ekki er tiltekið hvaða þættir það eru sem ber að upplýsa um að frumkvæði lögreglu. Sjálfsagt og eðlilegt er t.d. að veita brotþola upplýsingar um skýrslutöku yfir sakborningi við tilteknar aðstæður, t.d. ef ástæða er til að ætla að sakborningur sé líklegur til að ónáða brotþola þegar honum verður kunnugt um sakargiftir og slík upplýsingagjöf er ekki til þess fallin að torvelda rannsókn.

Að leggja frumkvæðisskyldu á herðar lögreglu að upplýsa um ótilgreinda þætti er tengjast framvindu rannsóknar í öllum þeim málum sem eru til meðferðar hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, og varða tiltekin brot, er til þess fallið að lengja málsmeðferð og koma í veg fyrir skilvirkni rannsókna. Þess ber að geta að nú sem stendur eru tæplega 200 mál í rannsókn hjá kynferðisbrotadeild embættisins og það gefur augaleið að ef lögregla á að eigin frumkvæði að upplýsa réttargæslumenn í tæplega 200 málum um framvindu rannsóknar í öllum málum þá mun það fela í sér aukinn kostnað, enda slík ráðstöfun afar tímafrek. Í framkvæmd eru lögreglumenn og ákærendur að upplýsa réttargæslumenn þegar eftir er leitað. Þá ber að geta þess að til stendur að opna rafræna þjónustugátt fyrir brotþola þar sem þeir geta séð hvar mál þeirra er statt hjá embættinu og aðrar upplýsingar. Þjónustugáttin er þróunarverkefni sem hefur það að markmiði að bæta þjónustu við þá sem leita til lögreglu en helsta umkvörtunarefni brotþola er aðgengi að upplýsingum um hvar mál þeirra er statt. Þjónustugáttin er öruggt svæði fyrir einstaklinga sem eiga mál hjá lögreglu. Aðeins brotþolar geta nálgast upplýsingar um sín mál en til að tengjast gáttinni er notast við rafræn skilríki. Fyrst um sinn geta einungis þolendur tiltekinna kynferðisbrota notað gáttina en unnið er að því að veita upplýsingar um fleiri brot. Þar geta einstaklingar meðal fengið upplýsingar um þá tíma sem eru bókaðir hjá lögreglu, málsnúmer, stöðu mála og algengar spurningar og svör. Nú þegar hefur kerfið verið prufukeyrt með góðum árangri en áætlað er að gáttin verði komin í notkun fyrir lok árs 2021.

Athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins

Tekið er undir athugasemdir héraðssaksóknara um að brýnt sé að skoða hvort rétt sé að hverfa frá því fyrirkomulagi að taka dómsskýrslu á rannsóknarstigi af brotþolum. Ekkert land í Evrópu hefur þennan háttinn á, en Norðmenn hurfu frá þessari framkvæmd árið 2015. Fyrirkomulagið eins og það er í dag lengir málsmeðferðartíma og börn sem brotþolar sitja ekki við sama borð og aðrir brotþolar, aukin hætta er á að rannsóknargögn spillist auk þess sem lögregla fær ekki sama forskot við rannsóknina og er í öðrum málum þar sem verjandi og sakborningar mega vera viðstaddir skýrslutöku af brotþola sé um dómsskýrslu að ræða. Sakamálaöld gera ráð fyrir að

Lögregla þurfi forskot því henni er heimilt að neita verjanda um afendingu og aðgengi að gögnum í tiltekinn tíma. Þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn barni þá hverfur þetta forskot því sakborningur fær tækifæri til að vita hvað barnið sagði í skýrslutökunni og hefur því svigrúm til að spilla rannsóknargögnum ef svo ber undir.

Lögreglustjóri gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti og styður gildistöku þess. Frumvarpið er til þess fallið að styrkja réttarstöðu brotþola enn fremur sem þar að finna löngu tímabæra réttarbót fyrir fatlað fólk og aðstandendur látinna einstaklinga.

F.h.l.

Hulda Elsa Björgvinsdóttir
sviðstjóri ákærusviðs



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi nefndasvið
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. apríl 2021.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála (réttarstaða brotþola, fatlaðra og aðstandenda), þskj. 1197, 718. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Lýsir skrifstofan ánægju með þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á lögum um meðferð sakamála enda skref stigið í þá átt að bæta stöðu brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda í réttarkerfinu. En frekari útbóta er þörf og í því sambandi vísar skrifstofan til sameiginlegrar umsagnar Afslins, Kvenfélagasambands Íslands, Kvænnaathvarfsins, Kvinnaráðgjafarinnar, Kvenréttindafélags Íslands, Rótarinnar, Stígamóta og UN Women á Íslandi sem og umsagnar Dr. Hildar Fjólu Antonsdóttur sem skilað var í samráðsgátt stjórnvalda þegar drög að frumvarpi þessu voru þar til umsagnar.

Skrifstofan fyrir og sér hvort nóg sé að gert varðandi fólk með þroskahömlun eða ýmsar raskanir, til dæmis hvað varðar viðeigandi aðlögun, viðtalstækni o.fl. og vísar til umsagnar Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp þetta.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri

Vopnafjörður 22.mars 2021

Umsögn Maríu Sjafnar Árnadóttur brotþola, um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um meðferð sakamála (réttarstaða brotþola, fatlaðra og aðstandenda) nr. 82/2021

Drögin eru að hluta til byggð á greinargerð Hildar Fjólu Antonsdóttur *um réttláta málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota*, sem unnin var fyrir stýrihóp forsætisráðherra um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi sem kom út í maí 2019.

Ljóst er að ekki hefur verið brugðist við tillögum Hildar Fjólu nema að verulegu takmörkuðu leyti. Vil ég því leggja fram athugasemdir um það sem betur þarf að tryggja og vísa í mál 007-2017-74019 sem rökstuðning fyrir þeim.

Varðandi rétt til aðgangs að gögnum við rannsókn máls í 7.gr. frumvarps, þá þyrfti að skýra það ákvæði talsvert betur í breytingatillögum. Ekki verður séð með fyrirhuguðum breytingum að aukinn réttur brotþola til gagna skili sér með einhverskonar mati ákærvalds. Fyrirhuguð lagagrein býður upp á misjafna túlkun sem gæti orðið til þess að jafnræðis verði ekki gætt. Tryggja þarf að brotþoli hafi skýran aðgang að gögnum máls sem varða hann til jafns við sakborning í rannsókn, enda hefur hann augljósa hagsmuni af því að sakborningi verði refsað fyrir brot sín. Mikilvægt er að viðurkennt verði, að brotþolar hafi réttmæta þörf til að gæta hagsmuna sinna á meðan á málsmeðferð stendur. Enda eru það sönnunargögn sem lögð eru fram sem mestu máli skipta við að upplýsa mál. Brotþolin er iðulega manneskjan sem veit mest um málið.

Einnig er mjög mikilvægt að brotþoli hafi rétt til að svara skýrslu geranda á rannsóknarstigi áður en ákvörðun er tekin í máli, þ.e. hvort ákært verði eður ei. Markmið sakamálalaga er að leiða hið sanna í ljós, og gefst þá brotþola tækifæri að sanna eða afsanna eitthvað í skýrslu geranda ef svo ber undir, sem gæti einmitt hjálpað til að leiða hið sanna í ljós. Eins og löggin eru núna gefst brotþola fyrst tækifæri að svara skýrslu geranda eftir niðurfellingu máls kæri hann niðurfellinguna til ríkissaksóknara, sem er ekki til þess fallið að upplýsa mál á rannsóknarstigi. Flestir brotþolar gefast upp við niðurfellingu máls.

Ég sem brotþoli hef fjallað um það opinberlega að mikilvægt sé að veita brotþolum kærheimild á rannsóknarstigi, telji brotþoli að verið sé að fyrirgera rétti hans um réttláta málsmeðferð. Við rannsókn í mínu máli reyndi ég ítrekað að benda rannsakendum á áhyggjur mínar hvort málið væri að fynast í rannsókn og benti rannsakanda meðal annars á þvingunarúrræði að handtaka geranda til skýrslutöku. Á þetta var ekki hlustað. Ég taldi mig vissa um að eitthvað væri bogið við rannsóknina í málinu en gat ekkert gert til að bregðast við því.

Ég fann vel fyrir áhugaleysi og vanþekkingu í samskiptum mínum við rannsakendur. Eins átti að ljúka rannsókn án þess að tala við bein-og óbein vitni sem ég náði þó að stöðva. Tveir af þremur kæruliðum fyrntust í höndum lögreglunnar. Ég er fullviss um það að hefði ég haft skýra kærheimild á rannsóknarstigi hefði ég náð að bjarga málinu mínu frá fyrningu. Slík heimild getur varla gert annað en leitt til vandaðri

rannsóknna, upplýsa mál og veita rannsakendum aðhald með það mikilvæga vald sem rannsakendur hafa samkvæmt lögum.

Ég tel einnig nauðsynlegt að bæta við frumkvæðisskyldu lögreglu sem fjallað er um í 4.gr. frumvarps um að tilkynna brotþola að skýrslutaka við geranda hafi farið fram. Einnig er mikilvægt fyrir brotþola að fá upplýsingar þegar mikilvæg gögn hafa verið sótt í máli, s.s. áverkavottorð, staðfestingar og skýrslur sem bent hefur verið á við skýrslutöku og eins að tilkynna brotþola þegar talað hefur verið við vitni í máli. Vísa ég hér til væntingastjórnunar að brotþoli geti fylgst með að verið sé að rannsaka málið sem auðveldar íþyngjandi og blint kærufjerli brotþola til muna. Við afstöðu ríkissaksóknara við kæru minni við niðurfellingu, kom fyrst í ljós að engin gögn höfðu verið sótt af ákærvaldi, sjá mál nr. 007-2017-74019. Eins og áður sagði er nauðsynlegt að brotþoli hafi kæruehimild á rannsóknarstigi, telji hann að lögregla sé að fyrirgera rétti brotþola um réttláta málsmeðferð s.s. með fyrningu, að gögn hafi ekki verið sótt og að ekki sé búið að tala við vitni. Sönnungargögn eru undirstaða þess að hægt sé að leiða hið sanna í ljós.

Til þess að tryggja að fyrning verði ekki í máli, þá tel ég mjög mikilvægt að áréttu að fyrning rofnar ekki við kæru, heldur þegar sakborningi er kynnt sakarefni. Ljóst er að rannsakendum er ekki kunnugt um þessa mikilvægu formreglu, sjá mál nr. 007-2017-74019. Tel ég því mikilvægt að skerpa á verklagsreglum og birta sakarefni sakborningi um leið og kæra hefur átt sér stað, enda geta verið nokkrir kærufrestir í máli þegar kært er fyrir ofbeldi í nánu sambandi.

Ég sé fyrir mér að þetta verði gert í svipuðu formi og birting stefnu fer fram. Með slíku fyrirkomulagi er fyrningarrof skýrt bæði fyrir rannsakendum og brotþola. Vísa ég þar til væntingastjórnunar sem auðveldar brotþolendum að fylgjast með máli sínu á löngum og íþyngjandi málsmeðferðartíma þar sem brotþoli er með bundið fyrir augun alla málsmeðferðina, og veit ekkert hvað er að gerast í máli, sjá mál nr. 007-2017-74019. Ég kærði 1. desember 2017, fyrsta brot fyrntist 28. febrúar 2018 og hafði þá hvorki verið talað við vitni né sakborningi kynnt sakarefni. Það hlýtur að liggja ljóst fyrir mikilvægi þess að tala við sakborning og vitni í máli strax og mál er kært þar sem dágóður tími hefur oft liðið frá verknaði til kæru. Það hlýtur að teljast brýnt að fá skýrslu vitna sem fyrst upp á minni vitna ef langt er liðið frá verknaði. Ég, brotþoli í málinu, var heldur ekki upplýst um hvort sakborningi hefði verið kynnt sakarefni eða ekki, þrátt fyrir að ég hafi spurt sérstaklega hvort fyrning hafi verið rofin, þá fékk ég ekkert svar. Rannsakandi reyndi ítrekað að telja mér trú um að þeir reyndu að ná sambandi símleiðis við geranda. Gerendur vita þetta og svara ekki símanum. Eins heldur slík kynning á sakarefni fyrir sakborningi ekki fyrir dómstólum sé það gert símleiðis.

Það er með öllu ótækt að ákærvald beri engar afleiðingar af því að brjóta á stjórnarskráðvörðum réttindum brotþolenda um réttláta málsmeðferð án nokkurra afleiðinga. Lögbrot er lögbrot sama hver framkvæmir það. Allir bera afleiðingar af lögbrotum og á ákærvald ekki að vera þar undanskilið. Það telst verulega íþyngjandi staða fyrir borgara að framkvæmdavald brjóti á borgaralegum rétti almennings. Mig langar til að áréttu mikilvægi þess að ákærvald beri afleiðingar, fyrirgeri þeir þeir þessum mikilvæga rétti brotþolenda. Leiði formreglubrot eða saknæmt brot lögreglu

til þess að ekki er hægt að ákæra í máli, alveg óháð því hvort mál verði síðar fellt niður, er réttlátt og sanngjarnt að tekin verði upp hlutlæg skaðabótaskylda ákærvalds gagnvart brotapolanda sem situr uppi með bæði fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón sé þessi réttur brotinn. Ábyrgð framkvæmdavalds er mikilvægt og er það afar sérstakt að ákærvald geti brotið fjölda lagaákvæða án þess að bera nokkrar afleiðingar. Því tel ég nauðsynlegt að lögfesta eigi hlutlæga skaðabótaábyrgð þegar slæleg vinnubrögð lögreglu og ákærvalds, valda því að ekki er hægt að ákæra í máli vegna rannsóknar lögreglu.

Tryggja verður að þegar er kært fyrir ofbeldi í nánu sambandi að réttargæslulögmaður fylgi málinu til enda, þar sem nokkrir kæruliðir geta falist í upphaflegri kæru. Mál sem kært var fyrir ofbeldi í nánu sambandi hættir ekki að vera þess eðlis þó svo að ekki sé hægt að ákæra í öllum kæruliðum, hvort sem það er vegna sönnunarstöðu eða mál hafi fyrnst í höndum lögreglu. Í mínu máli kærði ég fyrir ofbeldi í nánu sambandi sem voru tvær líkamsárásir og ein hótun.

Líkamsárásarbrottin fyrntust í höndum lögreglu svo einungis var hægt að ákæra fyrir hótun. Heimild til réttargæslulögmanns fylgdi líkamsárásarbrottum svo missti ég rétt minn til réttargæslulögmanns vegna klofnings í máli, sem er algjörlega á ábyrgð ákærvalds. Með klofningi máls missti ég einnig rétt minn til að víkja ofbeldismanni mínum úr dómssal þegar skýrsla var tekin fyrir dómi. Ég sat með ofbeldismanninn á hægri hönd og saksóknara sem hafði brotið á rétti mínum til gagna, rökstuðnings og ekki tilkynnt um að mál hefðu fyrnst í rannsókn mér á vinstri hönd. Þetta var verulega íþyngjandi staða og fráleitt að sami saksóknari og braut á rétti mínum í rannsókn hafi síðar flutt málið mitt fyrir dómi.

Ég sat uppi með mörg hundruð þúsund króna kostnað fyrir lögfræðipjónustu sem ég þurfti að greiða úr eigin vasa, og er máli ekki lokið því ég þarf að greiða nokkur hundruð þúsund til að halda uppi einkaréttarkröfu fyrir Landsrétti, þar sem sakborningur áfrýjaði sakfellingu til Landsréttar. Það getur ekki talist sanngjarnt eða réttlátt að brotþoli sem kærir fyrir refsiverðan verknað verði fyrir slíku tjóni. Enda er slíkt verklag fallið til þess að fæla brotþolendur frá því að kæra refsiverðan verknað vegna möguleika á bæði fjárhagslegslegu og ófjárhagslegu tjóni eins og ég varð fyrir, sjá mál, 007-2017-74019.

Varðandi afhendingu gagna þegar mál er niðurfellt í kerfi, er praktíkin mismunandi og brýtur hreinlega gegn jafnræðisreglu, þar sem afhending gagna eftir niðurfellingu máls hefur verið túlkuð með mismunandi hætti, eftir því hvaða saksóknari fer með mál. Það þarf að tryggja jafnræði og skerpa reglur betur sjá mál nr. 007-2017-74019, í máli mínu var synjað um afhendingu gagna eftir niðurfellingu málsins, þrátt fyrir skýra lagaheimild í stjórnslutöðum, reglum hjá embætti ríkissaksóknara nr. 9/2017 og túlkun Umboðsmanns Alþingis á réttaráhrifum niðurfellingar sjá álit nr. 4241/2004.

Í þeim tilvikum sem mál er á vogarskálum hvort skuli ákæra í máli eða ekki, þá er ég persónulega á þeirri skoðun að framkvæmdavald sé komið langt inn á dómssvald með þá ákvörðun, enda er það starf dómara að meta sönnunarstöðu þegar sönnungargögn eru í máli umfram orð gegn orði. Ákærhlutfall og sakfellingarhlutfall er nánast á pari í um 80-90 prósent, tölurnar segja að það sé ekki reynt á nógu mörg mál, þá tel ég að framkvæmdavald fari með ólöglegt vald sem fer gegn þrískiptingu

stjórnarskrár. Í þeim tilfellum sem sem sönnunargögn eru í máli sem eru felld niður, er afar mikilvægt að brotapolí fái gjafsókn óháð efnhag til að ná fram réttlæti gegn geranda sínum og til að eiga kost á því að bætt verði fyrir fjáhagslegt og ófjárhagslegt tjón sem hann varð fyrir.

Virðingafyllst,

María Sjöfn Árnadóttir brotapolí.

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/


Reykjavík, 29. apríl 2021

Tilvísun ríkissaksóknara: 202104-0200

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 (réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda), 718. mál.

Ríkissaksóknari telur réttarbætur felast í frumvarpinu en að huga þurfi betur að ákvæði 7. gr. frumvarpsins sem fjallar um aðgang réttargæslumanns og brotþola að gögnum sakamáls. Ríkissaksóknari telur það koma til álita að aðgangur réttargæslumanns og brotþola verði með sama hætti og verjanda og sakbornings, sbr. 37. gr. laga um meðferða sakamála.

Þá tekur ríkissaksóknari undir þær ábendingar sem fram koma í umsögn héraðssaksóknara dags. í dag og varða skýrslutökur fyrir dómi af brotþolum sem eru með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun.


Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari



Nefndasvið Alþingis (nefndasvid@althingi.is)



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 04. maí 2021

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (réttarstaða brotaþola, fatlaðs fólks og aðstandenda) mál nr. 718.

Vísað er til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar til umboðsmanns barna, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Umboðsmaður barna fagnar þeim breytingum sem þar eru lagðar fram og miða að því að bæta réttarstöðu brotaþola og fatlaðra við meðferð tiltekinna sakamála hjá lögreglu og fyrir dómstólum. Ein af þeim breytingum sem lagðar eru til er að dómara verði heimilt að ákveða að skýrslugjöf brotaþola eða vitnis með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun, fari fram í sérútbúnu húsnæði. Hér er um mikilvæga réttarbót að ræða. Í greinargerð kemur fram að slík skýrslutaka gæti farið fram í Barnahúsi eða sérútbúnu herbergi í dómhúsi. Það er varhugavert að nefna Barnahús í þessu samhengi án þess að það sé rökstutt frekar og þá hvernig Barnahús eigi að geta tekið við verkefni sem þessu án þess að biðlistar aukist og skerðing verði á þeirri þjónustu sem þar er veitt. Þá ber að hafa í huga að Barnahús er sérstaklega útbúið fyrir börn. Það er ákjósanlegt að á vegum dómstóla verði komið upp sérstakri aðstöðu sem hentar fyrir starfsemi sem þessa þar sem komið verði til móts við þarfir fatlaðs fólks.

Með 8. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði a-liðar 59. gr. núgildandi laga um skyldu til að að taka skýrslu fyrir dómi ef rannsókn beinist að kynferðisbroti taki, auk barna 15 ára og yngri, einnig til brotaþola með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun. Jafnframt verði kveðið á um það í c-lið ákvæðisins að það geti tekið til fatlaðs fólks. Samhliða þessum breytingum er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 59. gr. þar sem gert verði ráð fyrir þeim

möguleika að viðbótarskýrslur skv. a- og c-lið 1. mgr. 59. gr. verði teknar fyrir dómi á rannsóknarstigi ef rannsóknarhagsmunir krefjast þess og slík skýrslugjöf telst ekki sérlega íþyngjandi fyrir brotþola eða annað vitni. Lítið er fjallað um þessa nýju málsgrein í greinargerð en þörf hefði verið á slíkri umfjöllun enda mikilvægt m.a. að hafa í huga að það er almennt alltaf íþyngjandi fyrir barn, hvort sem það er brotþoli eða vitni, að koma fram fyrir dóm og greina frá atburðum er varða við XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna



Dómsmálaráðuneytið

Sölvhólgötu 7

101 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2021

Efni: Umsögn ÖBÍ við frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála (réttarstaða brotþola, fatlaðra og aðstandenda).

ÖBÍ vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum í þeirri von að löggjafinn hafi í huga mikilvægi þess að tryggja enn betur réttarstöðu fatlaðs fólks. ÖBÍ tekur heilshugar undir þær breytingartillögur sem nú þegar hafa verið gerðar en vonast þó eftir að tekið verði tillit til eftirfarandi athugasemda og ábendinga.

Geðræn eða vitsmunaleg skerðing eða skert skynjun

Samkvæmt frumvarpinu mun a-liður 1 mgr 59. gr. ná til brotþola með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun. Ekki er að finna í frumvarpinu nánari upplýsingar um hvernig lagt er mat á það hvort brotþoli sé með geðræna eða vitsmunalega skerðingu og skerta skynjun. Tryggja verður að í frumvarpinu séu upplýsingar um hvernig staðið er að því að leggja mat á hvort brotþoli sé með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun. Má hér nefna að ef nýlegar upplýsingar eða mat á fötlun liggja ekki fyrir þarf að vera skýrt kveðið á um það í frumvarpinu að meta þurfi hvort rétt sé að dómkveðja matsmann. Auk þessa, ef fötlun er mikil (mikil þroskahömlun eða skyldar skerðingar), gæti þurft nauðsynlegt að kalla eftir réttarsálfræðilegu mati.

Gera má þó ráð fyrir því að upplýsingar um fötlun brotþola liggi nú þegar fyrir þar sem lögreglunni ber að kanna sérstaklega við rannsókn máls hvort fötlun brotþola eða sakbornings kalli á sérstakar ráðstafanir af hálfu lögreglu en vissulega getur sú staða komið upp á síðari stigum máls að grunur vaknar um að brotþoli sé með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun.

Um 1. gr. frumvarpsins

Samkvæmt frumvarpinu er dómara veitt heimild til þess að ákveða að skýrslugjöf brotþola eða vitnis fari fram í sérútbúnu húsnæði. Telja verður að heimild dómara til að ákveða hverju sinni hvort skýrslugjöf fari fram í sérútbúnu húsnæði geti haft í för með sér að einstaklingum sé mismunað á grundvelli fötlunar/skerðinga. Markmið þeirra breytinga sem koma fram í frumvarpinu eru skýr um það að bæta eigi réttarstöðu fatlaðs fólks við meðferð sakamála og því getur heimildarákvæði sem þetta ekki náð því markmiði sem að er stefnt. Brýnt er að einstaklingar með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun geti gengið að því vísu að skýrslutaka fari fram í sérútbúnu húsnæði. Nauðsynlegt er að þetta ákvæði verði nánar útfært, hvort sem það er í lögum sjálfum eða í reglugerð. Réttast væri að skylt væri að útbúa sérútbúið húsnæði og kveða nánar um það hvar það skuli vera staðsett. Ennfremur þarf að vera ljóst hvaða skilyrði húsnæðið þarf að uppfylla.

Í frumvarpinu segir einnig að það falli í hlut dómars að meta hverju sinni hvort húsnæði taki mið af þörfum þess sem taka á skýrslu af, og eftir atvikum, á dómari að meta það í samráði við hlutaðeigandi. Þetta gæti verið vandkvæðum bundið og því rennir það frekari stoðum undir mikilvægi þess að til staðar sé sérútbúið húsnæði fyrir einstaklinga sem eru með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun.

Að lokum er tekið undir umsögn Landssamtaka Þroskahjálpar varðandi að tryggja þurfi að sakborningur, sem er með þroskahömlun og/eða einhverfu og/eða geðrænar raskanir, fái meiri aðstoð og viðeigandi aðlögun. Von ÖBÍ er að dómsmálaráðuneytið skoði sérstaklega hvort frumvarp þetta og núverandi löggjöf tryggi rétt sakborninga sem eru með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun.

Ekkert um okkur án okkar


Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ


Bára Brynjólfsdóttir
lögfræðingur ÖBÍ

